

Hafnarfjarðarkaupstaður
Rósa Guðbjartsdóttir, bæjarstjóri

Hafnarfirði, 19. júlí 2019

Ráðhúsi Hafnarfjarðar
220 Hafnarfirði

Efni: Beiðni um stækkun þjónustusamnings við umsækjendur um alþjóðlega vernd í 100 einstaklinga, yfirtaka leigu á húsnæði að Norðurhelli 17 og gerð þjónustusamnings til 3ja ára

Með erindi þessu óskar Útlendingastofnun eftir að stækkaður verði þjónustusamningur stofnunarinnar og Hafnarfjarðarkaupstaðar sem gerður var í desember 2018 og rennur út 31. desember 2019. Sá samningur snýr að þjónustu við allt að 60 einstaklinga. Jafnframt er óskað eftir að kaupstaðurinn taki yfir Norðurhelli 17 sé fallist á stækkun samnings.

Norðurhella 17 eru 24 íbúðir sem flestar eru 2ja eða 3ja manna. Meðfylgjandi er teikning að Norðurhelli 17.

Undirrituð hefur sent tvíþætta beiðni til dómsmálaráðuneytis:

1. heimild til endurnýjunar núverandi samnings til 3ja ára
2. og stækkunar samnings í 100 einstaklinga verði vilji til þess hjá Hafnarfjarðarkaupstað.

3ja ára samningur myndi hafa ákvæði um 6 mánaða uppsagnarfrest og 12 mánaða lágmarks binditíma.

Með von um góð viðbrögð.

f.h. Útlendingstofnunar,

Kristín Völundardóttir, forstjóri

Fylgiskjal:
Teikning af Norðurhelli 17